

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Borgarbyggð.

*Stuttárbotnar – Stórarjóður 6, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi Stuttárbotna í landi Húsafells III á fundi sínum 16. apríl 2026. Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóðarinnar Stórarjóður 6 þar sem byggingarreitur er lengdur um nokkra metra til norðausturs og suðausturs auk þess sem hann er einnig settur utan um núverandi fylgihús sem er á lóðinni en húsið stendur nær lóðamörkum en 10 m. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Borgarbyggð, 30. apríl 2026.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Ásgerður Hafsteinsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B deild - Útgáfudagur: 18. maí 2026